

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík  
postur@srn.is



Reykjavík, 21. febrúar 2019

**Efni: Umsögn um drög að reglum um sérkröfur til skólabifreiða**

Samtök ferðapjónustunnar (SAF) vísa til tilkynningar á samráðsgátt stjórnvalda þar sem kynnt eru til umsagnar drög að drög að reglum um sérkröfur til skólabifreiða. Samtökin hafa kynnt sér umrædd drög vilja koma á framfæri eftirfarandi ábendingum

Samtökin benda á að þau eru málsvari ferðapjónustu þ.m.t. hópbifreiðafyrirtækja á Íslandi og hafa á þeim vettvangi ekki fengið upplýsingar um fyrirhugaða reglugerð eða þær umræður og erindi sem átta hafa sér stað við gerð þeirra draga sem nú liggja fyrir.

Samtökin gera athugasemd við að engin þarfagreining liggur fyrir um ástæður þess að setja þurfi þriggja punkta belti í alla skólabíla. Þá vekja samtökin athygli á því að ekki liggur fyrir hvaða áhrif þær breytingar sem boðaðar eru hafa á á kostnað við að sinna skólaakstri. Samtökin benda á að samkvæmt athugun meðal systursamtaka SAF á Norðurlöndum er ekki gerð sérstök krafa um þriggja punkta bílbelti í skólabílum en tveggja punkta öryggisbelti eru þó skýlaus krafa í flestum tilfellum.

Mikilvægt er að koma því að öryggi barna eigi ávallt að vera í fyrirrúmi en að samtímis séu ekki gerðar meira íþyngjandi kröfur hér á landi í samanburði við Norðurlönd nema að skýr þörf sé á slíku.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari umsagnir á síðari stigum

Virðingarfyllst  
f.h. Samtaka ferðapjónustunnar

Gunnar Valur Sveinsson